

Átakshópur um úrbætur á innviðum í kjölfar óveðurs í desember.

Reykjavík 12. febrúar 2020

Tilvísun: Mál 2002053

Að beiðni átakshóps um úrbætur á innviðum í kjölfar óveðurs í desember hefur Landhelgisgæslan tekið saman svör við neðangreindum spurningum:

1. Hvernig var Landhelgisgæslan undirbúin fyrir óveðrið?

Landhelgisgæslan var ágætlega undirbúin fyrir þetta veður. Það er almenn vinnuregla hjá LHG að staðsetja skip og tækjabúnað þar sem mestar líkur eru á að hann komi að gagni þegar veður eru váland. Þannig hefur LHG t.d. um áratugaskeið staðsett skip á Vestfjörðum þegar útlit er fyrir mikla ofankomu og hætta á snjóflóðum. Hvað þetta einstaka tilfelli varðar, þá var tekin ákvörðun af stjórnendum LHG um að staðsetja Þór í Ísafjarðardjúpi þegar fyrir lá að von var á djúpri lægð með mikilli ofankomu. Týr, sem var í stoppi, var í Reykjavík og hefði mátt kalla út áhöfn á hann ef flytja hefði þurft hjálparlið frá Reykjavík.

Varðskipið Þór sá Dalvík fyrir rafmagni í tæplega sex sólahringa eftir að bæjarfélagið varð rafmagnslaust vegna skemmda á raflínunum. Frá því skipið kom til landsins 2011 hefur LHG bent dreifingaraðilum raforku á þann möguleika að nýta Þór til raforkuöflunar í neyðarástandi. Viðbrögð við viðleitni LHG voru jákvæð en þó töldu dreifingaraðilarnir ekki ástæðu til að taka þetta mál lengra. Eftir að ljóst varð að nota þyrfti Þór til raforkuframleiðslu fyrir Dalvík var farið í nauðsynlegar aðgerðir til að dreifingaraðilar gætu tekið við raforku frá Þór. Þær aðgerðir voru unnar með hraði og því nokkuð kostnaðarsamar. Með meiri forsjárhbyggju og undirbúningi hefði verið hægt að gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrr og hafa allt tilbúið fyrirfram.


LHG var með tvær þylur tiltækar en ekki var talið gagnlegt að staðsetja þær annars staðar en í Reykjavík, en í því sambandi þarf að hafa í huga að við viljum ekki staðsetja þylurnar þar sem hætta er á að þær lokist inni sökum veðurs.

Á vetrarmánuðum þegar veður eru erfið og breytingar tíðar er mikilvægt að LHG hafi varðskip við suðursströndina til að geta brugðist við ef flutningaskip lenda í vandræðum en megin umferð flutningaskipa er við sunnanvert landið frá Reyðarfirði að Faxaflóasvæðinu. Þegar LHG er aðeins með eitt skip á sjó hverju sinni getur viðbragðstími orðið allt að 48 klst. innan efnahagslögsögunnar. Á meðan þetta óveður gekk yfir var eina varðskipið á sjó og öflugasta skip LHG bundið við Vestfirði og Norðurland og því hefði staðan ekki verið góð ef aðstoða hefði þurft annað skip hinu megin við landið. Þá hefði staðan ekki verið góð fyrir Dalvík ef Þór hefði þurft að yfirgefa Dalvík vegna annarra verkefna á meðan bærinn var rafmagnslaust.

2. Hvaða mögulegar úrbætur sjáið þið á næstu 10 árum til að tryggja öryggi sem best?

Mikilvægt er að halda áfram styrkingu LHG með eftirfarandi aðgerðum í samræmi við Landhelgisgæsluáætlun:

- Fjölga í áhöfnum varðskipa þannig að ávalt séu tvö varðskip á sjó hverju sinni.
- Byggja nýtt varðskip með sömu getu og Þór í stað varðskipins Týs sem er að verða 50 ára gamall.



- c. Fjölga í áhöfnum þyrta LHG, þannig að LHG hafi 7 áhafnir. Þannig er hægt að manna tvær þyrlur alla daga ársins.
- d. Tryggja rekstur flugvélar LHG á Íslandi.
- e. Koma upp búnaði (spenni) sem er tilbúinn um borð í Þór, þannig að skipið geti með skömmum fyrirvara afhent dreifðum byggðum raforku á neyðarstundu. Skoða þarf hvort hagstæðara sé að hafa slíkan spennu í gámaeiningu sem hægt er að hafa um borð í varðskipi þegar þarf eða hvort æskilegt sé að hann sé um borð að staðaldri.

3. Hver eru ykkar sjónarmið um landtengingar skipa og eldsneytismál í þyrlurekstri?

Landtenging: Sjá e lið í spurningu 2.

Eldsneytismál fyrir þyrlur: Eins og fram kom á fundi okkar lentum við vandræðum í janúar þegar snjóflóð féll á Flateyri vegna þess að aðgengi að eldsneyti á Ísafirði var ekki tryggt vegna snjóflóðahættu. Mikilvægt er að tryggja aðgengi að eldsneyti fyrir þyrlur í öllum landshlutum og nálægt annesjum. Samliða samdrætti í innanlandsflugi (fækkun flugvalla í rekstri) hefur dregið úr aðgengi LHG að þyrlueldsneyti, t.d. hefur afgreiðslu þyrlueldsneytis verið hætt á Siglufirði, Þórshöfn og Neskaupstað. LHG hefur brugðist við þessu með því að setja tunnur með eldsneyti á Þórshöfn á Langanesi og í Hrauneyjum. Olúfélögin hafa rætt þann möguleika að hætta afgreiðslu eldsneytis á Rífi, Vestmannaeyjum og Höfn en allir þessir flugvellir er mjög mikilvægur fyrir LHG vegna þjónustu við landsmenn og sjófarendur á Vesturlandi og Vestfjörðum. Verði frekari samdráttur á þjónustu olúfélaganna þarf ríkið að bregðast við til að tryggja LHG eldsneyti á lykilstöðum hringinn í kringum landið.

Tekið saman af Auðunni F. Kristinsson, verkefnastjóra Aðgerðarsviðs LHG